

Grindavíkurbær
Umhverfisnefnd, Vilhjálmur Árnason
Víkurbraut 62
240 Grindavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. desember 2013
Tilvísun: UST20131100215/bs

Deiliskipulag - tillaga - Iðnaðarsvæði i9 Mölvík. Umsögn

Vísað er til bréfs Grindavíkurbæjar dags. 29. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Í tillögunni felst að sameinaðar eru tvær iðnaðarlóðir í eina lóð sem verður 25,7 ha að stærð vegna áætlana um að reisa 15 ha gróðurhús á lóð norðan Nesvegjar.

Fyrirhuguð iðnaðarlóð er á nútímahrauni sem verður raskað. Í umhverfisskýrslu segir um þetta atriði. „*miðað við umfang nútímahrauna í Grindavík eru áhrif talin minnihátta með tilliti til umfangs svæðisins.*“ Umhverfisstofnun bendir á að hér er um að ræða óafturkræfa röskun á lítt snortnu hrauni. Við mat á umhverfisáhrifum umræddrar tillögu ætti frekar að líta til þess hversu mikið sé eftir í sveitarfélaginu af óröskuðu hrauni og meta áhrif af raski á iðnaðarlóð i9 á þeim forsendum, en ekki sem hluta af heildarflatarmáli hrauna í sveitarfélaginu, sem víða hefur verið raskað.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir deiliskipulagstillögu.

sveitarfélaginu.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
sérfræðingur

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur